



## Borðtennisfélag stofnað í Reykjanessbæ

Stofnfundur í Borðtennisfélagi Reykjanessbæjar (BR) var haldinn 31. mars en vegna Covid-19 mættu bara sjö stofnfélagar á fundinn ásamt tveimur gestum frá Borðtennissambandi Íslands. Formaður sambandsins og varaformaður mættu á fundinn og lýstu ánægju sinni með að nýtt félag væri að líta dagsins ljós. Að stofnun félagsins standa aðilar sem hafa æft borðtennis í kapólsku kirkjunni á Ásbrú og einnig hafa sumir stofnfélagar æft og keppt fyrir borðtennisfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Meðlimir hafa tekið þátt í nokkrum mótum undanfarna mánuði og unnið þar til verðlauna. Eitt af markmiðum félagsins er að halda uppi öflugum barna- og unglíngastarfi ásamt æfingum fullorðinna. Stofnendur hafa átt í viðræðum við fulltrúa Reykjanessbæjar um aðstöðu fyrir félagið og er verið að skoða hvaða kostir gætu staðið til boða. Vonandi næst niðurstaða í það sem fyrst þannig að starfið geti hafist.

### Fyrstu stjórn félagsins skipa:

Piotr Herman, formaður  
Piotr Brys, varaformaður  
Jóhann Rúnar Kristjánsson, ritari  
Jón Gunnarsson, gjaldkeri  
Michal May-Majewski, meðstjórnandi

Varastjórnarmenn eru Damien Kossakowski og Petr Vyplel.

Þeir sem vilja gerast stofnfélagar í Borðtennisfélagi Reykjanessbæjar geta skráð sig hjá Piotr Herman, formanni, [herminator@wp.pl](mailto:herminator@wp.pl) eða Jóni Gunnarssyni, gjaldkera, [jong@icegroup.is](mailto:jong@icegroup.is) út aprílmánuð.

Stjórn vill hvetja þá fjölmörgu aðila sem hafa æft og spilað borðtennis að hafa samband og einnig verður auglýst hvernig barna- og unglíngastarfi verður háttað þegar niðurstaða er komin varðandi æfingaaðstöðu, segir í frétt frá nýju félagi.

Mynd og frétt vf.is